



Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Eftirlitsverkefni

Næringar- og heilsufullyrðingar

Mái 2016 - febrúar 2017





Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
1.1. Fullyrðingar	2
1.2. Reglur um næringar- og heilsufullyrðingar	2
2. Tilgangur	3
3. Framkvæmd	3
3.1. Flokkun fullyrðinga.....	3
4. Niðurstöður.....	4
4.1. Niðurstöður eftir tegund matvæla.....	5
5. Lokaorð	7
6. VIÐAUKI	8

1. Inngangur

1.1. Fullyrðingar

Fullyrðingar er varða matvæli eru algengar í markaðssetningu matvæla. Fullyrðingar geta t.d. verið á umbúðum sem hluti af merkingu, í auglýsingum, á netsíðum og víðar. Ekki virðast öll fyrirtæki gera sér grein fyrir þeim reglum sem gilda um notkun fullyrðinga, en um notkun þeirra gilda strangar reglur. Fullyrðingar sem eru notaðar eru því oft á tíðum ólöglegar og blekkjandi fyrir neytendur. Matvælafyrirtæki þurfa að vera vel upplýst um þær reglur sem gilda því það er á þeirra ábyrgð að upplýsingar, þ.m.t. fullyrðingar um vörur sem markaðssettar eru, séu réttar.

Næringar- og heilsufullyrðingar eru upplýsingar um að matvæli hafi sérstakt næringarinnihald eða sérstök áhrif á heilsu. Allar upplýsingar um að matvæli hafi slíka eiginleika teljast vera næringar- eða heilsufullyrðingar, jafnvel þó slíkt sé einungis gefið í skyn. Næringar- og heilsufullyrðingar eru valkvæðar merkingar, þ.e. þær eru settar fram af framleiðanda eða dreifingaraðila sem viðbót við lögboðnar upplýsingar um matvæli.

Næringarfullyrðingar eru fullyrðingar um jákvætt næringarlegt gildi matvæla. Þetta eru t.d. fullyrðingar um að matvæli innihaldi næringarefni eins og vítamín, steinefni, prótein eða trefjar og fullyrðingar um að næringarefni eins og mettuð fita eða viðbættur sykur, sem ekki eru talin æskileg til neyslu í miklu magni, hafi verið fjarlægð úr matvælum eða magn þeirra skert. Heilsufullyrðingar eru fullyrðingar um að tengsl séu milli heilsu og ákveðins matvælaflökks, ákveðinnar matvöru eða eins af innihaldsefnum hennar. Þeim getur verið beint til hins almenna neytenda eða til sérstakra hópa, t.d. barna.

Matvæli sem markaðssett eru með næringar- og heilsufullyrðingum er almennt beint til heilbrigðra einstaklinga og á að vera hægt að neyta sem hluta af venjulegu fæði.

1.2. Reglur um næringar- og heilsufullyrðingar

Reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar var gefin út í Evrópu í desember 2006 og tók þar gildi 1. júlí 2007. Með henni voru settar fyrstu samræmdu reglurnar um notkun fullyrðinga í aðildarlöndunum. Reglugerðin tók gildi á Íslandi þann 28. apríl 2010 með reglugerð nr. 406/2010.

Meginþema reglugerðarinnar er að einungis má nota þær næringar- og heilsufullyrðingar sem eru á viðeigandi listum yfir leyfilegar fullyrðingar og með þeim skilyrðum sem sett eru fyrir notkun hvernar fullyrðingar, ásamt þeim almennu skilyrðum sem sett eru í reglugerðinni. Það er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem tekur ákvörðun um hvaða fullyrðingar komast á lista yfir leyfilegar næringar- og heilsufullyrðingar að fengnu áliti frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

Auk reglugerðar 406/2010 ná eftirfarandi lög og reglur yfir næringar- og heilsufullyrðingar.

- Lög um matvæli nr. 93/1995
- Reglugerð nr. 428/2015 um notkun Skráargatsins við markaðssetningu matvæla
- Reglugerð Evrópusambandsins nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, sem tók gildi með reglugerð 1294/2014

2. Tilgangur

Sameiginleg eftirlitsverkefni Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eru unnin í því skyni að samræma matvælaeftirlit á landinu og skoða ákveðna þætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

eftirlitsverkefnis um næringar- og heilsufullyrðingar var í fyrsta lagi að fræða heilbrigðisfulltrúa og skoðunarmenn Matvælastofnunar um gildandi reglur um næringar- og heilsufullyrðingar svo aðilar verði betur í stakk búnir til að hafa eftirlit með notkun þeirra. Í öðru lagi að koma á samræmdu verklagi við framkvæmd og eftirfylgni eftirlits með fullyrðingum, m.a. með því að skilgreina mismunandi flokka fullyrðinga eftir alvarleika og ákvarða hvernig skuli tekið á misalvarlegum brotum á reglum um fullyrðingar. Loks var tilgangurinn að afla upplýsinga um stöðu þessara mála á Íslandi, þ.e. hversu stór hluti næringar- og heilsufullyrðinga uppfyllir skilyrði löggjafarinnar.

Markmið verkefnisins var að eftirlitsaðilar öðlist aukna þekkingu og færni við að þekkja og meta fullyrðingar og að það liggi fyrir til hvaða aðgerða skuli grípa þegar skilyrði reglugerða um notkun fullyrðinga eru brotin. Einnig að fá vísbendingu um stöðu þessara mála á íslenskum markaði, þ.e. hversu stór hluti næringar- og heilsufullyrðinga uppfyllir skilyrði löggjafar.

Langtímamarkmið með slíku eftirliti og samræmdum aðgerðum er að matvælafyrirtæki fari að lögum og reglum varðandi notkun á fullyrðingum við merkingu matvæla, í auglýsingum, á vefsíðum og víðar.

3. Framkvæmd

Við undirbúning verkefnisins var lagt af stað með fræðslu fyrir eftirlitsaðila. Haldið var námskeið í apríl 2016 þar sem farið var rækilega yfir reglur um næringar- og heilsufullyrðingar. Mismunandi gerðir fullyrðinga voru kynntar sem og skilyrði fyrir notkun þeirra. Jafnframt voru brot á reglum um heilsufullyrðingar flokkuð eftir alvarleika. Farið var yfir raunveruleg verkefni og æfingar til að undirbúa eftirlitsaðila fyrir verkefnið.

Framkvæmd verkefnisins stóð yfir frá maí 2016 til loka janúar 2017. Við framkvæmd verkefnisins var ákveðið skoða bæði innlendar og innfluttar vörur. Eftirlitið skildi fara fram með skoðun á vörum sem eru með fullyrðingum og eru á smásölumarkaði. Skoðuð voru almenn matvæli og fæðubótarefni eða sérvörur. Einnig auglýsingar í dagblöðum og upplýsingar í netverslunum.

Lögð var áhersla á alvarleg brot á reglum, s.s. fullyrðingum um lækningamátt og fullyrðingar skv. 12. gr. reglugerðar EB nr. 1924/2006 en þessar fullyrðingar eru aldrei leyfilegar. Sjá nánar í kafla 3.1. um flokkun fullyrðinga. Gögnum var skilað rafrænt.

3.1. Flokkun fullyrðinga

Næringarfullyrðingar

Einungis er leyfilegt að nota þær næringarfullyrðingar sem eru á lista yfir leyfilegar næringarfullyrðingar og eru í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í reglugerðinni. Listinn er í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1924/2006.

Norræna skráargatsmerkið telst næringarfullyrðing þar sem merkið miðlar jákvæðum eiginleikum varðandi ákveðin næringarefni í matvörunum sem það bera. Reglur varðandi skráargatsmerkið eru settar fram í sérstakri reglugerð nr. 1190/2014. Sjá nánar í viðauka við reglugerðina eru settar fram kröfur sem gerðar eru til matvæla sem bera merkið.

Heilsufullyrðingar

Aðeins er leyfilegt að nota þær heilsufullyrðingar sem eru á viðeigandi lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar og með þeim skilyrðum sem sett eru fyrir notkun hvorrar fullyrðingar, ásamt þeim almennu skilyrðum sem sett eru í reglugerðinni.

Almenn skilyrði fyrir næringar og heilsufullyrðingar eru eftirfarandi. Þær mega ekki:

- Vera rangar, tvíræðar eða villandi.
- Vekja efasemdir um að öryggi matvæla og/eða að næringarlegt gildi annarra matvæla sé fullnægjandi.
- Hvetja til óhóflęgrar neyslu matvæla eða réttlæta slíka neyslu.
- Fullyrða, láta að því liggja eða gefa í skyn að nægilegt magn næringarefna fái almennt ekki úr fjölbreyttri fæðu.
- Vísa til breytinga á líkamsstarfssemi sem gætu skapað ótta hjá neytendum eða færa sér slíkan ótta í nyt, hvort sem er með texta, myndefni eða táknum.

Jafnframt er óheimilt, samkvæmt reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, að eigna matvælum þann eiginleika að koma í veg fyrir, vinna á eða lækna sjúkdóm í mönnum eða að vísa til slíkra eiginleika. Slíkar fullyrðingar eru stundum nefndar sjúkdómsfullyrðingar og eru aldrei leyfðar.

Eftirfarandi heilsufullyrðingar eru aldrei leyfðar:

- Fullyrðingar sem gefa til kynna að það geti haft áhrif á heilbrigði ef matvælanna er ekki neytt
- Fullyrðingar sem vísa til þess hversu hratt eða mikið þyngdartap kunni að verða
- Fullyrðingar sem vísa til meðmæla einstakra lækna eða fagfólks í heilbrigðisþjónustu

Þegar næringar- og heilsufullyrðingar eru notaðar er skylt að hafa næringaryfirlýsingu á matvælunum og að gefa upplýsingar um magn þeirra efna sem fullyrt er um í vörunni. Þegar heilsufullyrðingar eru notaðar þarf þar að auki að setja fram ákveðnar viðbótarupplýsingar sem koma fram í 10. gr. reglugerðar um næringar og heilsufullyrðingar.

Við framkvæmd verkefnisins voru ofangreind atriði skoðuð sem og hvort allar viðbótarupplýsingar, sem skylt er að gefa, kæmu fram s.s. næringaryfirlýsing.

4. Niðurstöður

Alls tóku fimm heilbrigðiseftirlitssvæði auk Matvælastofnunar þátt í verkefninu. Skoðaðar voru 40 mismunandi matvörur og fæðubótarefni frá 18 fyrirtækjum, með samtals 66 fullyrðingum. Skipting varanna var þannig: kjötafurðir (2), fiskafurðir (5), mjólkurafurðir (11), brauð og kornafurðir (4), grænmetisafurðir (7), fæðubótarefni (9), annað (1).

Þrenns konar fullyrðingar voru skoðaðar; heilsufullyrðingar, næringarfullyrðingar og skráargatsmerking sem telst til næringarfullyrðinga en fylgir þó eigin reglugerð og skilyrðum.

Fullyrðingar skiptust þannig að 25 vörur báru næringarfullyrðingar, þar af voru 8 með norræna skráargatsmerkið, 12 vörur báru heilsufullyrðingar og þrjár vörur báru næringar- og heilsufullyrðingar.


Þrettán vörur báru fleiri en eina fullyrðingu eða frá tveimur og allt að níu fullyrðingar.

Í viðauka við skýrsluna er yfirlit yfir allar fullyrðingar sem skoðaðar voru og skýring á því hvort hún er rétt eða röng.

4.1. Niðurstöður eftir tegund matvæla


Kjöt, fiskur og grænmetisréttir

Skoðaðar voru 14 vörutegundir sem báru samtals 19 næringarfullyrðingar og eina heilsufullyrðingu. Af þessum fullyrðingum voru 12 sem uppfylltu öll skilyrði og 8 sem ekki voru í lagi. Í öllum þeim tilfellum þar sem fullyrðingin var ekki í lagi var um leyfilega fullyrðingu að ræða en varan uppfyllir ekki skilyrði til að bera hana. Ýmist er magn ákveðinna næringarefna, s.s. salts yfir mörkum eða næringaryfirlýsingu er ábótavant.



Mjólkurvörur


Skoðaðar voru 11 tegundir mjólkurvara sem báru samtals 16 fullyrðingar, 13 næringarfullyrðingar og 3 heilsufullyrðingar, engin þeirra var í lagi. Af þessum fullyrðingum voru 10 í lagi en 6 voru ekki í lagi. Fjórar fullyrðingar voru ekki á lista yfir leyfilegar fullyrðingar, í einu tilfalli fylgdu ófullnægjandi upplýsingar og í einu tilfalli var um að ræða ósértæka fullyrðingu án þess að sértæk fullyrðing fylgdi með eins og reglugerðin gerir ráð fyrir.



Kornafurðir og fleira

Í þessum flokki voru brauð, kex, nasl og sætuefni. Skoðaðar voru 5 vörutegundir sem báru 10 fullyrðingar, 8 næringarfullyrðingar og 2 heilsufullyrðingar. Sex fullyrðingar uppfylltu öll skilyrði, ein er ekki á lista yfir leyfilegar fullyrðingar og ein er á lista yfir leyfilegar fullyrðingar en varan uppfyllir ekki


skilyrði. Loks voru tvær heilsufullyrðingar sem báðar eru ólöglegar. Í öðru tilfallinu var um að ræða ósértæka fullyrðingu án þess að sértæk fullyrðing fylgdi með eins og reglugerðin gerir ráð fyrir og í hinu tilfallinu var um að ræða fullyrðingu sem vísar til þess hversu hratt eða mikið þyngdartap kunni að verða, en slíkar fullyrðingar eru aldrei leyfðar.



Fæðubótarefni

Alls voru 10 tegundir fæðubótarefna tekin til skoðunar. Vörurnar báru alls 19 heilsufullyrðingar, þar af var ein vara með 9 mismunandi heilsufullyrðingar sem allar voru ófullnægjandi.

Alls voru 16 fullyrðinganna ófullnægjandi eða óleyfilegar af ýmsum ástæðum. Átta vörur báru sjúkdómsfullyrðingar, 6 vörur báru ósértæka fullyrðingu sem ekki var studd sértækri fullyrðingu og tvær voru ekki á lista yfir leyfilegar fullyrðingar. Ein vara bar bæði næringar- og heilsufullyrðingu sem báðar voru í lagi.



Allir flokkar

Heildarniðurstöður fyrir allar vörur voru þær að af 66 fullyrðingum voru 31 í lagi (47%) en 35 voru ekki í lagi (53%). Fæðubótarefni skáru sig nokkuð úr hvað varðar fjölda af óleyfilegum fullyrðingum. Þar voru 16 af 19 fullyrðingum óleyfilegar eða 84%, sjá nánar í töflu 2.

Ef teknar eru saman heildarniðurstöður fyrir alla flokka án fæðubótarefna var útkoman heldur betri. Alls voru 30 tegundir matvæla sem báru 47 fullyrðingar. Þar af voru 40 næringarfullyrðingar og 7 heilsufullyrðingar. Af þeim voru 28 (60%) í lagi en 19 (40%) voru ekki í lagi.

Tafla 2: Niðurstöður samantekt

Flokkur	Fjöldi	Fullyrðingar	Næringar-fullyrðingar	Heilsu-fullyrðingar	Leyfilegar	Óleyfilegar
Kjöt, fiskur, grænmetisréttir	14	21	19	2	12	9
Mjólkurvörur	11	16	13	3	10	6
Kornafurðir o.fl.	5	10	8	2	6	4
Fæðubótarefni	10	19	1	18	3	16
Samtals	40	66	41	25	31	35

5. Lokaorð

Markmið verkefnisins var að eftirlitsaðilar öðlist aukna þekkingu og færni við að meta fullyrðingar og að það liggi fyrir til hvaða aðgerða megi grípa þegar reglur um notkun fullyrðinga eru brotnar. Einnig að skilgreina mismunandi flokka fullyrðinga eftir alvarleika og ákvarða hvernig skuli tekið á brotum misalvarlegra fullyrðinga. Loks að afla upplýsinga um stöðu þessara mála á Íslandi, þ.e. hversu stór hluti næringar- og heilsufullyrðinga uppfyllir skilyrði reglugerða.

Segja má að fyrstu tvö markmiðin hafi náðst að nokkru leyti. Þeir sem tóku þátt í verkefninu hafa öðlast nokkra færni í að meta fullyrðingar í samræmi við reglugerð nr. 406/2010 um næringar- og heilsufullyrðingar. Einnig hefur verið reynt að grípa til samræmdra aðgerða á landsvísi. Viðbrögð við brotum á reglum um fullyrðingar hefur verið fylgt eftir með sama hætti og gert er í öðrum sambærilegum málum. Fyrirtækjum er kynnt niðurstaðan með bréfi og gefinn frestur til úrbóta. Flest brot á reglum um fullyrðingar teljast ekki til alvarlegustu brota á matvælalöggjöf, þar sem heilsu neytenda er venjulega ekki stefnt í hættu. Ekki hefur enn verið lokið við þá vinnu að flokka fullyrðingar eftir alvarleika en drög að slíkri flokkun liggja fyrir og hafa verið kynnt eftirlitsaðilum. Sem dæmi um alvarleg brot á reglum má nefna sjúkdómsfullyrðingar og fullyrðingar sem vísa til þess hversu hratt eða mikið þyngdartap kunni að verða. Dæmi um minna alvarleg brot er t.d. ef næringarfullyrðing uppfyllir ekki skilyrði um innihald einstakra næringarefna.

Verkefnið hefur varpað nokkru ljósi á notkun næringar- og heilsufullyrðinga á Íslandi. Þó ber að halda því til haga að vörur frá tiltölulega fáum fyrirtækjum liggja til grundvallar þessu verkefni. Niðurstaðan gefur því nokkuð takmarkaða mynd af ástandi mála á markaði hér á landi. En þó er ljóst að mikið vantar upp á að allar fullyrðingar sem notaðar eru við markaðssetningu matvæla uppfylli skilyrði sem um þær gilda. Þetta á sérstaklega við um notkun heilsufullyrðinga við merkingu og markaðssetningu fæðubótarefna. Meirihluti þeirra fæðubótarefna sem tekin voru til skoðunar reyndust bera fullyrðingar sem ekki eru í samræmi við reglur um heilsufullyrðingar er varðar matvæli. Þó ástandið sé nokkuð betra varðandi almenn matvæli er hlutfall fullyrðinga sem ekki uppfylla skilyrði þrátt fyrir það of hátt. Einnig má draga þá ályktun af niðurstöðum könnunarinnar, með áður nefndum fyrirvara, að almennt sé ástandið varðandi næringarfullyrðingar betra en hvað varðar heilsufullyrðingar.

Eftirlit með fullyrðingum er eitt af mörgum sviðum matvælaeftirlits. Eftirlitið krefst sérhæfðrar þekkingar og þjálfunar eftirlitsaðila. Færst hefur í vöxt að markaðssetning matvæla, og á það sérstaklega við um fæðubótarefni, fari fram á netinu og á samfélagsmiðlum. Eftirlit með slíkri markaðssetningu er tímafrek og krefst mikillar yfirlegu. Í þeim tilfellum getur einnig verið erfitt að ná til dreifingaraðila og fylgja eftir ákvörðunum um stöðvun á sölu og dreifingu.

Ýmislegt er hægt að gera til að bæta núverandi ástand en það krefst þess að málaflokknum verði forgangsraðað framur en nú er gert. Þetta er ákvörðun sem þarf að taka sameiginlega á vettvangi matvælaeftirlits á Íslandi.

6. VIÐAUKI

Tegund matvæla	Fullyrðing	Tegund fullyrðingar	Fullyrðing leyfileg?	Skýring
Fiskur	Inniheldur náttúrulegt omega-3	Næringarfullyrðing	Nei	Vantar upplýsingar um magn omega-3 á umbúðum
Snakk	Trefjaríkt	Næringarfullyrðing	Já	Vara innihaldi að minnsta kosti 6 g af trefjum í 100 g eða 3 g af trefjum í 100 kkal
Gervisætuafni	Can help weight loss with a calorie-controlled diet	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Sýrð mjólkurafurð	LGG bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana, mikið mótstöðuafli, fjölþætt varnarverkun, stuðlar að vellíðan	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Kjötálegg	Létt	Næringarfullyrðing	Já	Skærðing tiltekins efnis er að minnsta kosti 30% miðað við sambærilegar vörur
Kjötálegg	Skrárgatsmerkt	Næringarfullyrðing	Já	Uppfyllir skilyrði fyrir matvælaflokk 22 a, í viðauka II við reglugerð 428/2015
Fæðubótarefni	Burt með liðverki, bólgur, stirðleika og eymsli	Heilsufullyrðing	Nei	Sjúkdómsfullyrðing: liðverkir, bólgur og eymsli eru B-flokkaðar áletranir hjá Lyfjastofnun
Fæðubótarefni	Aukið þol og endurheimt	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Fæðubótarefni	Styrkir náttúrulegt varnarkerfi líkamans	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Fæðubótarefni	Losnaði við verki og bólgur af vefjagigt	Heilsufullyrðing	Nei	Sjúkdómsfullyrðing
Fæðubótarefni	Færð meiri orku, líður betur og allt er auðveldara og skemmtilegra	Heilsufullyrðing	Nei	Ósértæk fullyrðing án sértækra fullyrðingar (grein 10.3)
Fæðubótarefni	Aukið vöðvaþol	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Fæðubótarefni	Gott við gigt	Heilsufullyrðing	Nei	Sjúkdómsfullyrðing
Fæðubótarefni	Gott fyrir hjarta, kólesteról og æðaheilsu	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Fæðubótarefni	Styrkir húðina fyrir sól og vetrarkulda	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Sýrð mjólkurafurð	Próteinríkur	Næringarfullyrðing	Já	Að minnsta kosti 20% af orkugildi vörunnar komi úr próteinum
Sýrð mjólkurafurð	Ríkt af hágæðapróteinum	Næringarfullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar næringarfullyrðingar

Sýrð Mjólkurafurð	Án hvíts sykurs	Næringarfullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar næringarfullyrðingar
Gróft Brauð	Engin viðbættur sykur, inniheldur sykur frá náttúrunnar hendi	Næringarfullyrðing	Já	Varan innihaldi engar viðbættar ein- eða tvísykrur og innihaldi engin matvæli sem notuð eru til að sæta mat
Gróft Brauð	Gott fyrir uppbyggingu vöðva	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Fæðubótarefni	Inniheldur Lúteín, zeaxantín og bláberjabykkni ásamt ómega-3 fitusýrunni DHA, sinki og ribóflavíni (B2 vítamíni sem stuðla að viðhaldi eðlilegrar sjónar)	Heilsufullyrðing	Já	Fullyrðing er á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Fæðubótarefni	Gott fyrir maga- og þarmastarfsemi, hjarta og æðar, ónæmiskerfið, kólesteról, liðina. Læknar mæla með....	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er ekki á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar og fullyrðingar sem vísa til meðmæla lækna eða fagfólks í heilbrigðisþjónustu (grein 12.c.)
Fæðubótarefni	Inniheldur mjólkurbistil og ætjipistil sem talin eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galls.	Heilsufullyrðing	Já	Fullyrðing um jurtir (botanicals) sem er til skoðunar og er leyfileg eins og er í samræmi við aðlögunarráðstafanir.
Fæðubótarefni	Styður efnaskipti og öflugri brennslu, minni sykurlöngun, slökun og svefn	Heilsufullyrðing	Já	Fullyrðing er á lista yfir leyfðar heilsufullyrðingar
Fæðubótarefni	Mikil virkni, engin magaónot	Heilsufullyrðing	Nei	Ósértæk fullyrðing án sértækrar fullyrðingar (grein 10.3)
Fæðubótarefni	Bólqueyðandi og gott fyrir liðina	Heilsufullyrðing	Nei	Sjúkdómsfullyrðing. Ósértæk fullyrðing án sértækrar fullyrðingar (grein 10.3)
Fæðubótarefni	DHA á meðgöngu og á fyrstu æviskeiðum getur bætt vitsmunaproska, athyglisgáfu, svefn og andlega líðan	Heilsufullyrðing	Nei	Fullyrðing er á lista yfir leyfðar fullyrðingar en varan uppfyllir ekki skilyrðin fyrir notkun hennar
Fæðubótarefni	Gott við mígreni	Heilsufullyrðing	Nei	Sjúkdómsfullyrðing
Sýrð mjólkurafurð	Holl fæða hjálpar okkur að ná jafnvægi	Heilsufullyrðing	Nei	Ósértæk fullyrðing án sértækrar fullyrðingar (grein 10.3)
Sýrð mjólkurafurð	Létt	Næringarfullyrðing	Nei	Vantar upplýsingar um hvað það er sem gerir vöruna léttu
Mjólk	Létt	Næringarfullyrðing	Já	Næringarfullyrðingin uppfyllir öll skilyrði
Sýrð mjólkurafurð	Próteinríkt	Næringarfullyrðing	Nei	Skilyrði um að að minnsta kosti 20% af orkugildi vörunnar komi úr próteinum ekki uppfyllt
Sýrð mjólkurafurð	Kolvetnaskert	Næringarfullyrðing	Já	Inniheldur 30% minna af kolvetnum en sambærilegar vörur

Kotasæla	Skráargatsmerkt	Næringarfullyrðing	Já	Uppfyllir skilyrði fyrir matvælaflokk 18 í viðauka II við reglugerð 428/2015
Próteindrykkur	Hágæða prótein - 33 g	Næringarfullyrðing	Já	Uppfyllir skilyrði fyrir próteinríkur. Beðið um rökstuðning fyrir fullyrðingunni "hágæða prótein"
Fituskert mjólkurafurð	Skráargatsmerkt	Næringarfullyrðing	Já	Uppfyllir skilyrði fyrir matvælaflokk 11 a, í viðauka II við reglugerð 428/2015
Fituskert mjólkurafurð	Fitulaus	Næringarfullyrðing	Já	Næringarfullyrðingin uppfyllir skilyrði fyrir fitulaus. Vara innihaldi ekki meira en 0,5 g af fitu í 100 g eða 100 ml
Fiskafurð	Skráargatsmerkt	Næringarfullyrðing	Já	Uppfyllir skilyrði fyrir matvælaflokk 22 a, í viðauka II við reglugerð 428/2015
Grænmetisréttur	Ríkt af próteinum	Næringarfullyrðing	Nei	Varan uppfylli ekki þau skilyrði að, að minnsta kosti 20% af orkugildi vörunnar þarf að koma úr próteinum. Einungis um 11% orku kemur úr próteinum
Reyktur fiskur	Minna salt	Næringarfullyrðing	Nei	Fullyrðing er á lista yfir leyfðar næringarfullyrðingar en varan uppfyllir ekki skilyrðin til að bera fullyrðinguna - næringaryfirlýsingu vantar
Grænmetisréttur	Skráargatsmerkt	Næringarfullyrðing	Já	Uppfyllir skilyrði fyrir matvælaflokk 31, í viðauka II við reglugerð 428/2015
Grænmetisréttur	Skráargatsmerkt	Næringarfullyrðing	Nei	Varan uppfyllir ekki skilyrðin til að bera fullyrðinguna - saltmagn er yfir hámarksgildi
Grænmetisréttur	Hátt innihald ómega-3	Næringarfullyrðing	Já	Samanlagt magn eikósapentensýru (EPA) og dókósahehexensýru (DHA) skal vera að minnsta kosti 80 mg í 100 g og fyrir hverjar 100 kkal
Grænmetisréttur	Inniheldur D-vítamín	Næringarfullyrðing	Nei	Magn D-vítamíns kemur ekki fram í næringaryfirlýsingu
Grænmetisréttur	Stuðlar að viðhaldi eðlilegrar sjónar, heila- og hjartastarfsemi.	Heilsufullyrðing	Já	Er á lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar í samræmi við reglugerð nr. 406/2010
Grænmetisréttur	Rétturinn inniheldur ekkert glúten	Næringarfullyrðing	Já	Fullyrðing er í samræmi við reglugerð um miðlun upplýsinga til neytenda nr. 1294/2014
Grænmetisréttur	Rétturinn inniheldur engan viðbættan sykur	Næringarfullyrðing	Já	Varan innihaldi engar viðbættar ein- eða tvísykrur og innihaldi engin matvæli sem notuð eru til að sæta mat.